

## Rennslismæling í tengslum við frumathugun á virkjunarkosti í Litla-Fljóti í Þorvaldsdal

**Gunnar Orri Gröndal**

*Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar*

**Greinargerð GOG-2005/009**





# ORKUSTOFNUN

Vatnamælingar

Lykilsíða

Greinargerð nr.:	Dags.:	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokað <input type="checkbox"/>
GOG-2005/009	19.09.2005	Skilmálar:

<b>Heiti greinargerðar / Aðal- og undirtitill:</b> Rennslismæling í tengslum við frumathugun á virkjunarkosti í Litla-Fljóti í Þorvaldsdal	<b>Upplag:</b> 8  <b>Fjöldi síðna:</b> 6
<b>Höfundar:</b> Gunnar Orri Gröndal	<b>Verkefnisstjóri:</b> Gunnar Orri Gröndal og Kristinn Einarsson
<b>Gerð greinargerðar / Verkstig:</b> Upphaf frumathugunar	<b>Verknúmer:</b> 7-640931
<b>Unnið fyrir:</b> Auðlindadeild Orkustofnunar	
<b>Samvinnuaðilar:</b>	

<b>Útdráttur:</b> Gerð er grein fyrir mældu rennsli í Litla-Fljóti í Þorvaldsdal, og það sett í samhengi við mælt langtímarennsli Norðurár í Borgarfirði
---

<b>Lykilord:</b> Litla-Fljót, Fljótstunga, Þorvaldsdalur, rennsli, rennslismæling, vatnsaflsvirkjun	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>  <b>Yfirfarið af:</b> KE, SAR
--	--



## 1 INNGANGUR

Frumskilyrði þess að unnt sé að meta hagkvæmni ákveðins virkunarkosts er upplýsingar um rennsli vatnssfallsins, og er þessara upplýsinga aflað með mælingum. Í tengslum við svonefnt smávirkjanaverkefni, sem Iðnaðarráðuneytið hefur falið Orkustofnun að vinna, gerðu Vatnamælingar Orkustofnunar mælingu á rennsli Litla-Fljóts í Þorvaldsdal í júlí 2005, og er efni þessarar greinar niðurstöður þeirrar mælingar og samanburður við rennsli nálægs vatnssfalls.

## 2 RENNSLI LITLA-FLJÓTS

Rennsli Litla-Fljóts var mælt hinn 25. júlí 2005 á líklegum stað fyrir inntak hugsanlegrar virkjunar neðan Dalfoss í landi Fljótstungu. Mynd 1 sýnir rennslismælistærðinn og uppdrátt af vatnaskilum, en tafla 1 er yfirlit um rennslismælingar sem Vatnamælingar Orkustofnunar hafa gert í Litla-Fljóti.

**Tafla 1:** *Rennslismælingar í Litla-Fljóti*

Mælistaður	Dagsetning	Hnit	Rennsli	Vatnshæð
V3027 Litla-Fljót neðan Dalfoss	25.7.2005 18:00	N64°46,51' V20°49,61'	0,20 m <sup>3</sup> /s 1'	Hæð frá nagla í steini í vatnsborð 69,3 cm
Litla-Fljót neðst í gili	15.7.2003 19:20	N64°45,4' V20°50,8'	0,24 m <sup>3</sup> /s	

Flatarmál vatnasviðsins við mælistaðinn er 29,2 km<sup>2</sup> sem þýðir að afrennsli Litla-Fljóts þennan dag var um 6,8 l/s·km<sup>2</sup>. Oft er gert ráð fyrir að afrennsli, þ.e. rennsli á flatareiningu þess lands sem leggur vatnssalli til rennsli, sé sambærilegt á all stóru svæði, og því er mögulegt að nýta langtíma rennslismælingar sem stundaðar hafa verið í nálægu vatnssalli til þess að meta þurrðir og flóð. Mælistöð hefur verið rekin í Norðurá við Stekk í Borgarfirði frá árinu 1971, og það virðist ekki mjög fjarri lagi að taka mið af upplýsingum þaðan til þess að meta afrennsli Litla-Fljóts. Afrennsli Norðurár er minnst síðla vetrar og síðla sumars, og er ekki óalgengt að það fari niður í um 5 l/s·km<sup>2</sup>, en meðalafrennsli Norðurár er rúmlega 40 l/s·km<sup>2</sup> (gagnasafn Vatnamælinga Orkustofnunar, 2005). Skv. því gæti algengt lágrennsli Litla-Fljóts við mælistaðinn verið um 150 l/s. Úr því fæst hins vegar ekki örugglega skorið án samfelldra mælinga í Litla-Fljóti í a.m.k. 2 – 3 ár.

## 3 NIÐURSTÖÐUR

Rennslismælingin ásamt ofangreindri athugun bendir til að virkjanlegt rennsli Litla-Fljóts þar sem hún var mæld sé ekki meira en 200 l/s, hugsanlega nokkru minna. Uppsett afl virkjunar á þessum stað gæti því orðið nálægt 15 kW fyrir hverja 10 m í fallhæð, ef ekki er

gert ráð fyrir vatnsmiðlun. Mat á áhrifum vatnsmiðlunar á orkuframleiðslu krefst frekari rannsókna á rennslisháttum árinnar ásamt rannsóknum á staðháttum.

## Heimild

Gagnasafn Vatnamælinga Orkustofnunar, 2005

**Mynd 1:** Rennslismælistaður og vatnasvið Litla-Fljóts. Vatnasvið Litla-Fljóts við mælistaðinn er auðkennt með bláum lit.

